

Fundur 13.12.2021 Arthur C Clark.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

*Velkominn.*

Takk fyrir.

Magnaðist ég mjög af því sambandi sem var hér áðan og vona ég að ég geti þess vegna komið fram erindi mínu við ykkur og finnst mér það æfinlega jafn stórkostlegt til þess að hugsa að svo margir skulu samstillast að því sama og eina markmiði að auðga lífið í geimnum og kærleikann og hjálpa meðbræðrum sínum.

Og hefði mér aldrei dottið það í hug, þegar ég var að spá í öll þessi mál á gömlu jörðinni ykkar að til væru svo einfaldar en um leið snjallar lausnir, að þær gætu bundið saman ólík viðfangsefni og veitt leiðsögn að sameiginlegum grundvelli þróunar ólíkra einstaklinga og hópa og bent á mikilvægi þess að allur hinn ótrúlegi skari fjölbreytra tegunda náttúrunnar, bæði jurta og dýra byggist upp af sömu rót lífmagnsins.

Og sumar af þeim tegundum einungis goðafræðilegs eðlis og furðusagna eðlis sem meginþorri vísindamanna leggur ekki trúnað á.

Og hefði mig aldrei óráð fyrir því, þegar ég hafði svona gríðarlegan áhuga á þessum fræðum á jörðinni ykkar gömlu, að ég myndi öðlast framlíf á jörð.

Og að allar þessar undarlegu tegundir sem ég hafði áhuga á, skyldu eiga sér náttúrufræðilegan grundvöll sem hægt er að rannsaka í nýjum heimkynnum og hægt er að benda á að voru ekki sögusagnir heldur áttu sér tilveru á forskeiði jarðarinnar.

Og sumar þeirra tegunda sem ég hafði áhuga á voru þó vissulega aldrei til á gömlu jörðinni heldur voru þær fjarskynjaðar.

Er ég svo óðamála að ég gleymi að kynna mig og magnaðist ég mjög af því sambandi sem var hér á undan og höfum við nokkrar spurnir af þeim.

Það er svo margt sem ég vildi koma að hér í kvöld og finnst mér að sambandið getur ekki verið mjög langt en vil ég gjarnan segja nafn mitt og hleypa að nokkrum spurningum.

Finn ég að sum öfl reyna að trufla þetta samband en var það gæfa að öflugur aðili skyldi koma hér á undan.

Er ég gamall jarðarbúi og þekki þið mig mörg frá vísindaheimi og afþreyingar

*Sjónvarpsþætti?*

Já, Arthur Clark.

*Já vertu velkominn,*

Já komið þið sæl, þið kannist við mig.

*Já, þú hefur komið hér áður?*

Já, já. Nokkuð er síðan.

Sérstakur áhugamaður um dýralíf og fjöldamargt annað. Ég efldist mjög af því sambandi sem var hér á undan en það eru einhver áhrif sem trufla.

En ætlaði að koma með örlítið stjörnufræðilegan fróðleik, er hér sól sem er gulleit en slær út í hvítum bjarma og er hér sólarhringurinn lítið eitt styttri.

Gæti ég farið út í náttúrufræðileg lögmál þess eðlis en lífbelti hnattanna er æfinlega svipað og því aðstæður ekki svo ósvipaðar og á gömlu jörðinni, þótt ekki séu þær alveg eins.

En ég ætlaði að koma hér með vísindapátt en finn ég orkuna ekki nægilega.

*Þú kemur bara aftur.*

Já þakka ég fyrir.

*Þú ert búinn að hitta Carl Sagan?*

Já, Já, Þakka þér fyrir, hann er öflugur mjög, höfum svipuð áhugamál, hann hefur frá mörgu að segja.

Viljum að þið takið við miklum nýjungum í stjörnufræðinni í framtíðinni og reynum að koma með slík erindi síðar.

Verið þið sæl, þakka ég fyrir góðar móttökur verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna vertu sæll.*